

öðruvísi eið af fyrnefndum formanni sparisjóðsins en hæstirjettur hafi ákveðið, og hefir því beiðst þess, að fjárnám yrði framkvæmt hjá Landsbanka Íslands fyrir hönd Sparisjóðs Árnassýslu samkvæmt fyrnefndum hæstarjettardómi uppkveðnum 5. maí þ. á. bæði fyrir dómkröfunni kr. 33,000,00 með 6% vöxtum frá 15. jan. 1923 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám þetta og eftirfarandi uppboð, svo sem að eiðfall hafi orðið, en gjörðinni hefir verið mótmælt af Landsbankanum f. h. Sparisjóðs Árnassýslu.

Hjer fyrir fógætarjettinum ber þess að gæta, að farið hefir fram eiðvinning eftir lögmætan undirbúning fyrir eiðsdómaranum, að uppkveðnum úrskurði dómarans í eiðsrjettinum um að eiðstafur sá, er hann stílaði eiðstefndum Guðmundi Sigurdssyni, fyrverandi tormanni Sparisjóðs Árnassýslu og hjer að framan getur, færi eigi í bága við hæstarjettardóminn að neinu leyti og því skyldi eiðvinning framfara þrátt fyrir mótmæli stefnda í hæstarjettarmálinu. Hefir eiðvinningunni, er þannig fór fram, eigi verið hrundið. Um lögmæti úrskurðar eiðsdómarans, er eiðvinningin þannig byggð á, er fógætarjetturinn eigi bær að dæma eða þá um samræmi eiðstafsins, er eiðsdómarinn stílaði eiðstefnda, við það, er ætlast var til í hæstarjettardóminum. Það verður því eigi sjeð að sá grundvöllur liggir fyrir hjer í rjettinum, er hægt sje að byggja á framkvæmd fjárnámsgjörðar, svo sem eigi hefði verið svarið.

Mánudaginn 22. nóv. 1926.

Nr. 69/1926. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)  
gegn

**Ernst Seemund** (Jón Ásbjörnsson).

Ólöglegar botnvörpuveidar.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 13. maí 1926: Kærði Ernst Seemund á að greiða nú þegar sekt að upphæð kr. 12,500,00 til Landhelgisjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veidarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum P. G. 347 „Grethe Putz“ frá Geestemünde vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða lögreglurjettar-dómi stöðvaði varðskipið Fylla skip kærða 0,3 úr sjómílu innan landhelgislinunnar með botnvörpu hangandi á borðstokknum og lifandi fisk á þilfari. Og 20 mínútum áður en skip kærða var stöðvað hafði Fylla mælt fjarlægð þess frá landi og reyndist skipið þá að vera 1,2 sjómílu innan landhelgislinunnar og hafði það þó þá samkvæmt athugunum varðskipsins siglt í nokkrar mínútur út frá landi. Kærði hefir í framburði sínum fyrir lögreglurjettinum í Vestmannaeyjum ekki vjefengt þessa skýrslu yfirföngja varðskipsins og viðurkent, að hann þremur stundarfjórðungum áður en skip hans var stöðvað hafi verið innan landhelgi og haft þoka botnvörpu sinnar í sjó og tekið fisk úr vörpunni og er þessu ekki hnekt með rjettarskýrslum þeim, er teknar hafa verið í málinu í Vestmannaeyjum og Þýskalandi eftir að dómur var kveðinn upp í hjeradi og lagðar hafa verið fram í hæstarjetti.

Þessi verknaður kærða er brot gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Hjeraðsdómarinn hefir því rjettilega heimfært brot kærða undir þessa lagagrein, og með því refsing kærða þykir hæfilega ákveðin og fallist verður á dóminn að öðru leyti, ber að staðfesta hann, þó þannig að sektin greiðist innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána sektina með sjö mánaða einföldu fangelsi sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 13, 8. júní 1925.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, og skal sektin afplánast með sjö mánaða einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði Ernst Seemund greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflytningislaun til sækjanda og verjanda, málflytningmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjada dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu foringjans á varðskipinu „Fylla“ var kærði í máli þessu, Ernst Seemund, fæddur 12. mars 1892, staddur á skipi sínu togaranum, „Grethe Putz“ P. G. 347 frá Geestemünde, kl. 7 í morgun 0,3 úr sjómílu fyrir innan landhelgislinuna, og hafði þá um hálfu klukkustund haldið stefnu úteftir. Var stjórnborðsvarpa á skjólbordi og lifandi fiskur á þilfari þegar að skipinu var komið. Hefir kærði viðurkeut að varpan með fiskinum í hafi verið í sjó þrem kortjerum áður en varðskipið stöðvaði hann, og ekki vjefengt skýrslu kaptajnlautinants á „Fyllu“ sem mætti í málinu, að hann einnig þá hefði verið fyrir innan landhelgislinuna, en haldið fram að hafa byrjað að draga inn ca. 1<sup>3</sup>/<sub>4</sub> klukkustund þar áður, og varpan verið í sjó enn, vegna þess að hún var í ólagi, en hann ekki litíð svo á að hann væri inni á landhelgissvæðinu eða ætlaði að fiska þar.

Það verður að álíta, að þar sem kærði var með netin í sjó á landhelgissvæðinu þar að draga vörpuna, og með lifandi fisk á þilfari (þorsk), þá sje fengin næg sönnun fyrir því, að kærði hafi gertst brotlegur gegn 1. grein laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og með tilliti til þess að hjer er um samskonar brot í fyrsta sinn að ræða og með hliðsjón af því að dagsgengi krónunnar er 81,71 úr gullkrónu, telst refsingin hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12,500,00, sem rennur í Land-

helgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áðurnefudum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Loks greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 24. nóv. 1926.

Nr. 74/1926. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)  
gegn

**Johan Fuhrmann** (L. Fjeldsted).

Ólöglegar botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 21. apríl 1926: Kærði Johan Fuhrmann á strax að greiða sekt að upphæð kr. 12250,00 til Landhelgissjóðs Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í togaranum „Sardella“ R.O. 96 frá Róm, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að veita ber kærða mánaðarfrest til greiðslu sektarinnar og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi greidd í tæka tíð.

Svo greiði hinn kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og verkjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors þeirra.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Johan Fuhrmann sæti 12250 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er afplánist með 7